Tennisfélagið ehf.
https://skipulagsgatt.is/issues/2023/870

Kópavogur, 16. janúar 2024
Tilvísun: K-19065

Efni: Dalsmári 13, stækkun Tennishallar, breytt deiliskipulag

Heilbrigðiseftirlitið hefur skoðað tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Dalsmára 13. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar um 10m frá núverandi lóðamörkum í austur, alls um 660 m² ásamt tillögu að viðbyggingu við núverandi hús á lóðinni alls um 1.800 m² að flatarmáli. Gert er ráð fyrir nýrri aðkomu sunnan megin við fyrirhugaða viðbyggingu og nýjum tengigangi úr gleri í stað núverandi brúar. Jafnframt er gert ráð fyrir að veitingastaður í núverandi byggingu á lóðinni verði í flokki 2.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemd við breytingu á deiliskipulagi.
Heilbrigðiseftirlitið óskar eftir því að fá teikningar af húsinu til umsagnar frá hönnuði þegar þar að kemur.

Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðiseftirlitsins

Árni Davíðsson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026